

Má ég vera með ykkur í frímínútum?

Já, þú mátt vera með okkur í frímínútum.



Hvað eruð þið að gera?

Við erum í eltingaleik.



Vilt þú leika við mig þegar skólinn er búinn?

Já, ég vil það. Eigum við að hittast úti hjá skólanum?



Hvaða tími er næst?

Í næsta tíma er stærðfræði.



Hvert ert þú að fara?

Ég er að fara heim.



Vilt þú sitja hjá mér?

Já, ég vil sitja hjá þér.



Hvað segir þú gott?

Ég segi allt gott.



Hvað heitir þú?

Ég heiti María. En hvað heitir þú?

